



Ársskýrsla 2017



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Frá framkvæmdastjóra AH	3
Frá forstjóra MS	3
Fulltrúar deilda Auðhumlu	4
Stjórn Auðhumlu	5
Verðlaunahafar 2017.....	6
Mjólkursamsalan ehf. 2017.....	7
Tölulegar upplýsingar.....	8
Ársreikningur samstæðu 2017	11
Áritun óháðra endurskoðenda	12
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	14
Rekstrarreikningur ársins 2017.....	15
Efnahagsreikningur.....	16
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017.....	18
Yfirlit um eigið fé ársins 2017.....	19
Skýringar.....	20



Útgefandi: Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfoss
Hönnun og umbrot: Auglýsingastofa Þórhildar
Ljósmyndir: Þórhildur Jónsdóttir og Kristjana Jónsdóttir
Ljósmynd af stjórnarformanni: Gunnar Leifur Jónasson
Ljósmyndir af stjórn Auðhumlu og stjórn MS: Gunnar Leifur Jónasson
Ljósmyndir af verðlaunahöfum: Garðar Eiríksson
Prentun: Prentmet

Ávarp stjórnarformanns

Egill Sigurðsson



Árið 2017 var enn eitt metárið í framleiðslu mjólkur og sölu mjólkurafurða. Þetta var jafnframt eftirt rekstrarár fyrir mjólkuriðnaðinn. Það má helst rekja til þess mikla og vaxandi misvægis sem er í eftirspurn eftir efnabáttum mjólkur, próteins og fitu, á markaði hér innanlands. Sala á fitugrunni var 145,1 milljón lítra á árinu og jókst um 6 milljónir lítra frá árinu 2016. Sala á próteingrunni var 132 milljónir lítra og jókst um 2 milljónir lítra milli ára.

Misvægi í sölu á efnabáttum á innanlandsmarkaði er nú um 13 milljónir lítra og hafði um 600 milljóna króna neikvæð áhrif á rekstrarreikning Mjólkursamsölnunnar. Þetta misvægi efnabáttanna hélt áfram að vaxa á fyrsta ársfjórðungi 2018.

Þessi þróun veldur æ meiri erfiðleikum í rekstri MS og þar með Auðhumlusamstæðunni en árið 2017 var tap af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 131,4 milljónir króna. Þar skiptir mestu 385 milljóna króna tap af starfsemi á innanlandsmarkaði, sem er að hluta vegið upp með hagnaði af öðrum þáttum starfseminnar, útflutningi á skyri og sölu á framleiðsluleyfum til erlendra samstarfsaðila.

Verðlagskerfi mjólkurafurða, sem fyrirtækinu er sett af hálfu hins opinbera, hefur verið með öllu óvirkt á annað ár. Slík staða er algerlega óviðunandi. Markaðurinn er sibreytilegur en staðan í verðlagsmálum gerir fyrirtæki nánast ókleift að bregðast við breytingum í framboði og eftirspurn. Þetta er fyrst og fremst pólitískt úrlausnarefni. Það er mjög brýnt að komið sé á laggirnar skilvirkara verðlagningarkerfi þar sem hagur neytenda er tryggður með því að setja fyrirtækjum í mjólkuriðnaði afkomuramma eða tekjumörk en gerir þeim á sama tíma mögulegt að mæta breytingum í eftirspurn.

Markmið Auðhumlu með rekstri Mjólkursamsölnunnar er að hámarka sölu á mjólk og mjólkurafurðum en það er jafnframt lykilatriði að afkoma mjólkuriðnaðarins sé viðunandi. Til þess getur komið að félagið þurfi á einhverjum tímupunktum að taka afstöðu til hvort eigi að verja magnið eða einingaverð til bænda. Slík vinna var hafin við gerð nágildandi búvörusamnings og brynt að þeirri vinnu verði fram haldið og verðlagskerfinu verði breytt.

Gott dæmi um að verðmyndun tekur ekki mið af þróun á markaði sést í ákvörðun á smjörverði. Hráefnisverð í eitt kíló af smjöri er um 970 krónur en heildsöluverð á smjöri er 726 krónur. Verðið dugar þannig ekki fyrir

hráefnisverði og ekkert fæst upp í vinnslukostnað. Þessu verður að linna.

Innflutningur mjólkurafurða fór vaxandi á síðasta ári og þrefaldaðist frá árinu 2016. Hér kemur til gengisþróun sem hefur verið öllum innflutningi hagstæð en aftur á móti komið niður á öllum útflutningi og þar með talið undanrennufti. Breytingar í smásöluverslun hafa einnig haft veruleg áhrif til aukningar innflutnings. Við þetta bætist svo að 1. maí 2018 tekur gildi nýr tollasamningur við Evrópusambandið. Þegar þessar línur eru ritaðar er enn óljóst hvernig framkvæmd verður á þeim ólánggjörmingi en það mun skipta miklu máli hvernig þar verður staðið að málum. Fyrir liggur að litlir eða engir tollar verða á ostum sem svara til um 10 til 12% af ostamarkaði hér. Það mun hafa áhrif á magn og verð á innanlandsmarkaðnum. Þetta magn svarar til um allt að 8 milljónum lítra af mjólk sem er framleidd við allt önnur starfsskilyrði en hér á landi af gríðaröflugum alþjóðlegum afurðastöðvum sem greiða allt að helmingi lægra verð fyrir hráefni en innlendir mjólkuriðnaður.

Starfsskilyrði bænda og vinnslustöðva eru ólík milli landa. Tollvernd er ætlað að jafna þessa aðstöðu. Hún er hluti af opinberri umgjörð mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnaðar. Hinn meginþátturinn er verðlagskerfið. Þegar kipt er úr sambandi tollvernd á þetta stórum hluta ostamarkaðarins mun það hafa neikvæð áhrif á innlenda matvælaframleiðslu og skapa aukinn þrýsting á að laga verðlagskerfið hér að breyttum aðstæðum. Auðhumla hefur kaupskyldu á öllu hráefni hér innanlands óháð eftirspurn og erlendri samkeppni. Það eru aðrir sem ákveða magn og verð. Það er lífsspursmál að sá rammi, sem starfseminni er mótaður, endurspegli raunveruleikann á markaðnum.

Hlutfé Mjólkursamsölnunnar var aukið í lok síðasta árs um 2.330 milljónir króna og í aukningunni er hlutur Auðhumlu 2.100 milljónir króna en hlutur KS 230 milljónir. Eignarhlutföll eru óbreytt, 90,1% í eigu Auðhumlu og 9,9% í eigu Kaupfélags Skagfirðinga. Auðhumla fjámgagnaði sína aukningu með því að leggja inn sérhæfðar fasteignir á Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri og í Búðardal. Þær höfðu verið metnar af reyndum fasteignasala. Þá var jafnframt gert endurmat á öðrum fasteignum félagsins.

Þannig birtist í reikningi Auðhumlu „dulin“ eign og segja má að með því gefi reikningurinn réttari mynd af eignum félagsins. Við þetta endurmat hækkar eigið fé Auðhumlu úr 7.047 milljónum króna í 10.541 milljónir

króna. Eiginfjárlutfall er því ríflega 50%. En endurmatstreikningur er 3.855 milljónir króna. Stofnsjóður Auðhumlu er 2.110 milljónir króna sem er 20% af eigin fé félagsins. Sú nýlunda er nú að stjórn gerir tillögu um 2,36% ávöxtun til aðalfundar. Þetta er lagt til þrátt fyrir að tap sé á samstæðunni en ríflega 100 milljóna króna hagnaður varð af rekstri móðurfélagsins. Sú ávöxtun, sem gerð er tillaga um, samsvarar tæplega 50 milljónum króna.

Í árslok 2017 lögðu 534 framleiðendur inn mjólk hjá Auðhumlu og hafði fækkað um 12 á árinu. Árið áður hafði fækkað um 38 í hópi framleiðenda. Síðastliðin tvö ár hefur framleiðendum fækkað um tvo á mánuði að meðaltali. Greiðslumark ársins 2017 var 144 milljónir lítra en er 145 milljónir lítra árið 2018. Salan í fituhluta mjólkur fyrstu tvo mánuði ársins er um 500 þúsund lítra yfir þeirri aukningu sem gert var ráð fyrir. Framleiðsla bænda á þessum sama tíma hefur hins vegar aukist meira og er 5 til 6% yfir framleiðslu síðasta árs. Því var nauðsynlegt að breyta innvigtunargjaldi fyrir umframmjólk. Innvigtunargjald var hækkað úr 40 krónum í 52 krónur frá 1. apríl og er þá nettógreiðsla 35 krónur fyrir hvern lítra af umframmjólk. Það er sama verð og MS greiðir Auðhumlu fyrir þessa umframframleiðslu og þá gert ráð fyrir að afsetningarmöguleikar séu fyrir hendi sem endurspeglar þetta verð.

Nú er nýlökkið deildarfundum Auðhumlu og þar mættu um 350 bændur. Ætla má að innan við helmingur félagsaðila sæki þessa mikilvægu fundi. Það er mjög mikilvægt að bændur láti sig hag Auðhumlu varða og við eflum sem mest eigendavitund og alla samstöðu um afurðasölu. Okkur mun farnast betur saman í einu liði til lengdar. Þetta er sérstaklega mikilvægt nú þegar vart verður við meiri sundrunu meðal bænda um félagskerfi sitt og að margir kjósi að standa þar fyrir utan. Það er þróun sem getur til lengdar ógnað samstöðu um afurðasölu.

Okkar biða mörg og margvísleg úrlausnarefni á næstu mánuðum og árum og það er mikilvægt að við mætum til þess vel skipulögð og samhent.

Ég vil að lokum þakka viðskiptavinum, bændum og öllu starfsfólki fyrir gott og árangursríkt starf og ég þakka einnig stjórnnum fyrirtækja samstæðunnar og samstarfsaðilum fyrir taust og gott samstarf.

Egill Sigurðsson,
stjórnarformaður Auðhumlu svf.

Frá framkvæmdastjóra AH

Garðar Eiríksson



Auðhumla jók í lok ársins hlutfafé sitt í MS að fjárhæð 2.100 milljónir króna og seldi MS fjórar sérhæfðar eignir sem tilheyra framleiðslunni um sama leyti.

Tap varð á Auðhumlusamstæðunni að fjárhæð 155 milljónir króna. Nokkrir þættir koma til en mest vegur misvægi efnabátta í mjólk innan greiðslumarks ásamt undirverðlagningu á smjöri sem veldur því að ekki tekst að umbreyta mjólkinni í verðmæti sem stendur að fullu undir hráefnisverði. Eigið fé félagsins jókst vegna endurmats á fasteignum félagsins og nam eigið fé félagsins í árslok 11.207 milljónum króna.

Á liðnu ári var boðuð endurskoðun á viðskiptaskilmálum félagsins enda margt breyst frá því að fyrri skilmálar voru settir. Líkt og önnur matvælafyrirtæki verður félagið að hafa á eigin hendi gæðakerfi og gæðaeftirlit sem nær m.a. til mjólkurframleiðenda sem birgja félagsins. Þróun gæðakerfa hefur verið í mótun og hluti þeirrar þróunar er að mjólkureftirlitið var fært yfir til félagsins frá MS um síðustu áramót. Með þeirri breytingu er stefnt að auknu eigin eftirliti sem um leið gæti þá dregið úr opinberu eftirliti.

Sterk mynd íslenskrar mjólkurframleiðslu er mikilvæg og reyndar aldrei sem nú. Umræður um Fyrirmyndarþúð hafa verið nokkrar frá því að því var hleypt af stokkunum í byrjun árs 2017 og góðar ábendingar borist sem unnið verður úr. Þátttaka í Fyrirmyndarþúðunni hefur verið ágæt en best væri að sem flestir sæju sér hag með þátttöku í verkefninu. Eftir allnokkru er að slægjast, jafnt í bætri mynd og þeim hvatagreiðslum sem fylgja.

Þakkað færi ég mjólkurframleiðendum, starfsfólki og öðrum samstarfsaðilum fyrir góð samskipti á liðnu ári.

Frá forstjóra MS

Ari Edwald



Ýmsar áskoranir voru í rekstri Mjólkursamsölnunnar á síðasta ári og töluverðar sviptingar á ytri aðstæðum sem höfðu neikvæð áhrif á afkomu vegna minni sölu og kostnaðarhækkana, einkum hækkana á launa- og kostnaði vegna kjarasamninga.

Sala á síðasta ári var tæp 3% undir áætlunum fyrirtækisins en það er reyndar í fyrsta skipti sem það gerist frá því að fyrirtækið varð til í núverandi mynd. Ýmsir kraftar unnu saman sem gerðu það að verkum að áætlun stóðst ekki. Má þar t.d. nefna innkomu Costco á markaðinn sem hafði meiri áhrif á matvöru- markaðinn en gert hafði verið ráð fyrir. Aukinn innflutningur á mjólkurvörum, bæði af jógúrt og osti. Aðrar breytur, sem höfðu einnig áhrif, voru þróun ferðaþjónustunnar og ferðatíðni Íslendinga erlendis sem sló met á árinu 2017. Aukin samkeppni innanlands og auknar vinsældir staðkvæmdarværa sem eru t.d. hafra- og möndludrykkir, próteínþúðingar o.fl. Sala fyrstu þrjú mánuði ársins 2018 er á áætlun.

Framleiðsla og sala á mjólk hefur aukist síðastliðin ár en með mjög vaxandi misgengi í sölu efnabátta vegna breytts neyslumunsturs almennings. Söluaukning hefur verið drifin áfram af fitusölu en sala á próteingrunni hefur verið 13 milljónum lítra minni en sala á fitugrunni. Þessum vaxandi efnahalla hefur svo fylgt lágt verð á heimsmarkaði fyrir undanrennuduft samhliða sterku

gengi krónunnar. MS er í raun að tapa um 790 milljónum króna á síðustu 13 milljón lítrunum sem fyrirtækið kaupir innan greiðslumarks. Líjóst er að MS getur ekki til lengdar tekið á sig þennan kostnað eða hækkad verð á öðrum vörum til neytenda til þess að standa straum af kostnaðinum. Það er úrlausnarefni sem eigendur MS og stjórnvöld þurfa að ræða á næstu vikum og mánuðum.

Á sama tíma og mjólkuriðnaðurinn stendur frammi fyrir stórum áskorunum hefur verðlagsnefnd ekki risið undir sínu verkefni og það hefur kannski ekki verið meiningin heldur af hálfu ráðherra síðustu ríkisstjórnar með skipun núverandi nefndar án pólitísku umboðs eftir að ríkisstjórnin var fallin. Nú virðist líjóst að ekki verði skipuð starfhæf Verðlagsnefnd fyrr en í sumar og þá hefur ekki verið ákvarðað um heildsöluverð á mjólk og mjólkurvörum í 15 mánuði. Er alveg líjóst að til framtíðar þarf að þróa sveigjanlegra kerfi í kringum verðmyndun á mjólkurvörum.

Það er líjóst að MS stendur frammi fyrir stórum verkefnum á komandi misserum. Má þar fyrst nefna þá uppbyggingu starfsstöðvanna á Akureyri og Selfossi sem kynnt hefur verið, m.a. byggingu nýrrar duftgerðar á Selfossi. Er þar alls um að ræða um 5 milljarða króna fjárfestingu á næstu árum til viðbótar við árlegar fjárfestingar í vélum og flutningatækjum fyrir ríflega

milljarð króna árlega. Vegna þessa hafa eigendur aukið hlutfafé MS um 2.330 milljónir króna og ráðgera frekari aukningu um nálega 1.500 milljónir króna á þessu ári, samtals 3.800 milljónir króna.

MS hefur mikinn metnað til að auka tekjur af erlendri starfsemi í samræmi við þá stefnumörkun sem fyrirtækið hefur kynnt og miðar að tvöföldun hagnaðar MS af þessari starfsemi á 5 árum. Er m.a. unnið að því að skipta sölu- og markaðssviði MS upp í innlandan og erlendan hluta til að styrkja sóknina að þessu marki. Má reikna með að innan þessa tímaramma muni starfsemin ná til um 30 landa samanborið við 13 lönd nú.

Í lok október á síðasta ári urðu talsverð þáttaskil í íslenskum landbúnaði þegar Heilsuprótein ehf. í eigu MS og KS tók til starfa á Sauðárkróki. Hafa mánuðirnir síðan verið notaðir til þess að komast í full afköst í framleiðslu á próteindufti og er áætlað að það muni takast um mitt þetta ár. Á sama tíma hefur verið unnið að prófunum á etanólframleiðslu, virðast áætlanir um þann áfanga framleiðslunnar úr mysunni raunhæfar miðað við þær prófanir. Ætti etanólframleiðsla að geta komist í gagnið á næstu 1-2 árum.

Mjólkursamsalan þakkar Auðhumlu og bændum gott samstarf á síðasta ári.

Fulltrúar deilda Auðhumla

á aðalfundi 27. apríl 2018

Austurlandsdeild

Aðalfulltr.:	Gunnar Jónsson Björgvin Gunnarsson	Egilsstöðum Núpi	Varafultr.:	Jórunn Svavarsdóttir Samúel U. Eyjólfsson Jón Viðar Finnsson Þórunn Andrésdóttir Páll Jóhannsson	Drumboddsstöðum Bryðjuholti Dalbæ Bryðjuholti Núpstúni
Varafultr.:	Halldór Sigurðsson Gauti Halldórsson	Hjartarstöðum 1 Engihlíð			

Austur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.:	Eiríkur Egilsson	Seljavöllum
Varafultr.:	Sæmundur Jón Jónsson	Árbæ

Vestur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.:	Kjartan Magnússon Magnús Sigurjónsson Jóhannes Gissurarson	Fagurhlíð Pétursey I Herjólfstöðum
Varafultr.:	Gunnar Þorsteinsson Ólafur Ögmundsson Elín Heiða Valsdóttir	Vatnsskarðshólum Ketilsstöðum Úthlíð

Eyjafjalladeild

Aðalfulltr.:	Ármann Fannar Magnússon Magðalena Jónsdóttir	Hrútafelli Drangshlíðardal
Varafultr.:	Sigríður Björk Ólafsdóttir Ragnar Lárusson	Fit Stóra-Dal

Landeyjajadeild

Aðalfulltr.:	Rafn Bergsson Axel Sveinbjörnsson Sævar Einarsson	Hólmahjáleigu Hólmum Stiflu
Varafultr.:	Jóhann Nikulásson Karl Geir Sverrisson	Stóru-Hildisey 2 Seli

Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild

Aðalfulltr.:	Birkir Arnar Tómasson Ólafur Þorri Gunnarsson	Móeiðarhvoli Bollakoti
Varafultr.:	Guðmundur Ómar Helgason	Lambhaga

Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild

Aðalfulltr.:	Hannes Ólafsson Daníel Magnússon	Austvaðsholti Akbraut
Varafultr.:	Ágúst Sæmundsson Borghildur Kristinsdóttir	Bjólu Skarði

Uppsveitadeild

Aðalfulltr.:	Óttar Bragi Þráinsson Sigríður Jónsdóttir Hermann Geir Karlsson Hörður Óli Guðmundsson Eiríkur Jónsson Ragnhildur Sævarsdóttir	Míklholti Fossi Miðdalskoti Haga Gýgjarhólskoti I Hjálmsstöðum
--------------	---	---

Flóa- og Ölfusdeild

Aðalfulltr.:	Hrafnhildur Baldursdóttir Stefán Geirsson Pétur Guðmundsson	Litla-Ármóti Gerðum Hvammi
--------------	---	----------------------------------

Varafultr.:	Ágúst Guðjónsson Haraldur Einarsson	Læk Urriðafossi
-------------	--	--------------------

Hvalfjarðardeild

Aðalfulltr.:	Haraldur Magnússon Ásthildur Skjaldardóttir	Belgsholti Bakka
Varafultr.:	Guðmundur Magnússon Lilja Guðrún Eypórsdóttir	Káraneskoti Vestri-Reyni

Borgarfjarðardeild

Aðalfulltr.:	Jón Gíslason Egill Gunnarsson	Lundi 1 Hvanneyri
Varafultr.:	Brynjar Bergsson Helgi Þorvaldsson	Refsstöðum Brekukoti

Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild

Aðalfulltr.:	Laufey Bjarnadóttir Pétur Diðriksson Jón Svavar Þórðarson Sigmundur H. Sigmundsson	Stakkhamri Helgavatni Öikeldu III Mið-Görðum
--------------	---	---

Varafultr.:	Guðný H. Jakobsdóttir Hallur Pálsson Gunnar Guðbjartsson	Syðri-Knarrartungu Naustum Hjarðarfelli
-------------	--	---

Breiðafjarðardeild

Aðalfulltr.:	Gústaf Jökull Ólafsson Jónatan Magnússon Jón Egill Jóhannsson	Miðjanesi Hóli Skerðingsstöðum
--------------	---	--------------------------------------

Varafultr.:	Sigrún Sigurðardóttir Björn Birkisson	Lyngbrekku 2 Botn
-------------	--	----------------------

Vestur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.:	Valgerður Kristjánsdóttir Sigurður Kjartansson	Mýrum III Hlaðhamri
--------------	---	------------------------

Varafultr.:	Guðrún Eik Skúladóttir Gísli G. Magnússon	Tannstaðabakka Staðarbakka
-------------	--	-------------------------------

Stjórn Auðhumla



Aftari röð f.v.: Garðar Eiríksson, Sæmundur Jón Jónsson, Þórunn Andrésdóttir og Ásvaldur Ævar Þormóðsson.
Fremri röð f.v.: Jóhanna Hreinsdóttir, Elín M. Stefánsdóttir, Egill Sigurðsson og Jóhannes Torfason.

Starfssvæði Auðhumla



Formaður

Egill Sigurðsson, Berustöðum

Varaformaður

Jóhannes Torfason, Torfalæk II

Ritari

Þórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti

Meðstjórnendur

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Stóru-Tjörnum
Elín M. Stefánsdóttir, Fellshlíð
Jóhanna Hreinsdóttir, Káraneskoti
Sæmundur Jón Jónsson, Árbæ

Varamenn

Ágúst Guðjónsson, Læk
Jórunn Svavarsdóttir, Drumboddsstöðum
Laufey Bjarnadóttir, Stakkhamri

Skoðunarmenn

Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti I
Hannes Ólafsson, Austvaðsholti

Varaskoðunarmenn

Geir Árdal, Dæli
Magnús Hannesson, Eystri-Leirárgörðum

Framkvæmdastjóri

Garðar Eiríksson

■ Starfssvæðið

Austur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Jóhannes Torfason, Torfalæk II
Sigurður Magnússon, Hnjúki
Linda B. Ævardsdóttir, Steinnýjarstöðum

Varafulltr.: Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli
Ingvar Björnsson, Hólabaki
Ingibjörg Sigurðardóttir, Auðólfstöðum

Norðausturdeild

Aðalfulltr.: Hermann Ingi Gunnarsson, Klauf
Ásvaldur Þormóðsson, Stóru-Tjörnum
Guðmundur Bjarnason, Svalbarði
Aðalsteinn Hallgrímsson, Garði
Ásta Pétursdóttir, Hranastöðum
Guðmundur Óskarsson, Hríshóli

Stefán Magnússon, Fagraskógi
Vaka Sigurðardóttir, Dagverðareyri
Kjartan Smári Stefánsson, Múla
Þórir Nielsson, Torfum
Kristín Hermannsdóttir, Merkgigli
Friðgeir Sigtryggsson, Breiðumýri

Varafulltr.: Hákon Harðarson, Svertingsstöðum 2
Gunnhildur Gylfadóttir, Steindyrum
Aðalsteinn Hreinsson, Auðnum
Hávar Sigtryggsson, Hríflu
Hilmar Kári Þráinsson, Litlu-Reykjum
Þórður Þórðarson, Hvammi

Alls 52 fulltrúar

Verðlaunahafar 2017



Verðlaunahafar í Rangárfingi ásamt framkvæmdastjóra Auðhumla.



Verðlaunahafar í Flóa- og Ölfusdeild ásamt framkvæmdastjóra Auðhumla.



Verðlaunahafar í Uppsveitadeild ásamt framkvæmdastjóra Auðhumla.



Verðlaunahafar í Norðausturdeild ásamt framkvæmdastjóra Auðhumla.



Verðlaunahafar á Vesturlandi ásamt framkvæmdastjóra Auðhumla.



Verðlaunahafar í Austurlandsdeild ásamt framkvæmdastjóra Auðhumla.

Innl.númer	Nafn	Heimili	Deild
10237	Steinþór Björnsson	Hvannabrekku	Austurlandsdeild
20215	Kolsholt ehf.	Kolsholti	Flóa- og Ölfusdeild
20313	Gíslí Hauksson	Stóru-Reykjum	Flóa- og Ölfusdeild
20321	Ragnar F. Sigurðsson og Hrafnhildur Baldursdóttir	Litla-Ármóti	Flóa- og Ölfusdeild
20608	Samúel U. Eyjólfsson og Þórunn Andrésdóttir	Bryðjuholti	Uppsveitadeild
20618	Gunnar K. Eiríksson og Magga S. Brynjólfssdóttir	Túnsbergi I	Uppsveitadeild
20619	Bragi Viðar Gunnarsson	Túnsbergi I	Uppsveitadeild
20628	Jóhann Kormásson og Esther Guðjónsdóttir	Sólheimum	Uppsveitadeild
20703	Birna Þorsteinsdóttir og Rúnar Bjarnason	Reykjum	Uppsveitadeild
21515	Ágúst Gunnarsson	Stærri-Bæ	Uppsveitadeild
22202	Páll I. Árnason og Kirsten Anita J.	Haga	Uppsveitadeild
22221	Bolette Höeg Koch	Hæli I	Uppsveitadeild
20948	Kristinn Guðnason og Elín Guðjónsdóttir	Þverlæk	Holta-, Landm.-, Ása- og Djúpárdeild
21025	Guðjón Björnsson	Syðri-Hömrum 3	Holta-, Landm.-, Ása- og Djúpárdeild
22116	Sigríður Valdimarsdóttir	Álfhólum	Landeyjadeild
22613	Péturseyjarbúið ehf.	Pétursey	Vestur-Skaftafellsdeild
30018	Sigvaldi Jónsson og Björg María Þórsdóttir	Hægindi	Borgarfjarðardeild
30069	Félagsbúið Skálpastöðum ehf.	Skálpastöðum	Borgarfjarðardeild
30461	Jörfabúið	Jörfa	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
30592	Sigurjón Grétarsson og Lilja Björk Kristjánsdóttir	Furubrekku	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
30621	Guðjón Jóhannesson	Syðri-Knarrartungu	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
35180	Kjartan Jóseppson	Nýjubúð	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
36306	Ásthildur Skjaldardóttir og Birgir Aðalsteinsson	Bakka	Hvalfjarðardeild
46300	Jóel Bæring Jónsson	Saurstöðum	Breiðafjarðardeild
49235	Félagsbúið Breiðalæk ehf.	Breiðalæk	Breiðafjarðardeild
60089	Árni Sigurlaugsson og Guðrún Jónsdóttir	Villingadal	Norðausturdeild
60093	Hlynur Þórsson og Linda Ellen Tómasdóttir	Akri	Norðausturdeild
60326	Hallstekkur ehf.	Þverá	Norðausturdeild
60440	Gunnsteinn Þorgilsson	Sökku	Norðausturdeild
60516	Karl Ingi Atlason	Hóli	Norðausturdeild
60518	Urðarbúið	Urðum	Norðausturdeild
68034	Vogabúið ehf.	Vogum	Norðausturdeild
68105	Erlingur Teitsson	Brún	Norðausturdeild
68308	Arndísarstaðir ehf.	Arndísarstöðum	Norðausturdeild

Fjöldi: 34

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokki A eru þessar:

Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins.

Mörk fyrir 1. flokki A eru þau að beint meðaltal líftölu sé jafnt eða minna en 20 þúsund en einnig að engin einstök mæling fari yfir 40 þúsund, faldmeðaltal mánaðarins á frumum sé undir 200 þúsund, að engar lyfjaleifar finnist í mánuðinum og faldmeðaltal frírra fitusýra sé jafnt eða minna en 0,9 mmol/l.



Verðlaunahafi V-Skaftafellsdeildar ásamt framkvæmdastjóra Auðhumla.

Mjólkursamsalan ehf. 2017



Aftari röð f.v.: Ari Edwald, Sæmundur Jón Jónsson, Þórunn Andrésdóttir, Þórólfur Gíslason, Elin M. Stefánsdóttir og Ásvaldur Æ. Þormóðsson. Fremri röð f.v.: Jóhanna Hreinsdóttir, Laufey Bjarnadóttir, Egill Sigurðsson og Jóhannes Torfason.

Stjórn Mjólkursamsölunnar ehf. skipuðu:

Egill Sigurðsson formaður
Þórólfur Gíslason varaformaður
Jóhanna Hreinsdóttir meðstjórnandi
Elin Margrét Stefánsdóttir meðstjórnandi
Jóhannes Torfason meðstjórnandi

Varamenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Þórunn Andrésdóttir
Sæmundur Jón Jónsson
Laufey Bjarnadóttir
Sigurjón Rúnar Rafnsson

Forstjóri:

Ari Edwald

Endurskoðendur:

Deloitte
Benóní Torfi Eggertsson endurskoðandi
Ásbjörn Guðmundsson endurskoðandi

Taprekstur

Samdráttur var í sölu á vörum MS á árinu 2017 og var salan um 700 milljónum króna undir áætlunum félagsins. Alls voru seld 10.757 tonn af birgðavörum og 45,1 milljón lítri af ferskvörum. Að auki voru framleidd rúmlega 4.703 tonn af skyri í Danmörku á vegum Mjólkursamsölunnar og flutt til Finnlands, Bretlands og Frakklands.

Árið 2017 var 239 milljóna króna tap af rekstri Mjólkursamsölunnar. Afkoman versnaði um 517 milljónir króna milli ára. Þessi viðsnúningur er að stærstum hluta tilkominn vegna minni sölu á innanlandsmarkaði og breytinga á samsetningu sölnunnar, auk nokkurra kostnaðarhækkana. Afkoman af innanlandsmarkaði versnaði talsvert milli ára, m.a. vegna minni sölu en áætlanir gerðu ráð fyrir og auknu mjólkurmagni sem vinna þarf í duft eða aðra birgðavöru sem skilar lítilli framlegð. Tekjur af erlendra starfsemi og leyfisgjöld stóðu í stað á milli ára þrátt fyrir aukna sölu en veiking krónunnar tók sinn toll af afkomunni þar. Félagið tapaði lögbannsmáli í Finnlandi á árinu þar sem deilt var um einkaleyfi félagsins á orðinu skyr. Gjaldfærðar eru 105 milljónir króna í rekstri félagsins vegna þessa máls. Hlutfélagins var aukið á árinu um 2.330 milljónir króna og keypti félagið fasteignir sem það leigði af Auðhumlu á Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum og í Búðardal fyrir samtals 2.100.000 milljónir króna. Heildareignir Mjólkursamsölunnar eru 14.971 milljónir króna í árslok og er eigið fé 6.682 milljónir króna, það

Sala 2017

Flokkur	Selt magn	Innanlands	Útflutningur
Ferskvörur	45.148	43.689	1.459
Viðbit	2.435	2.348	87
Ostar	6.807	6.212	595
Duft	1.515	1.185	330

samsvarar 44,6% eiginfjárlutfalli. Eignfærðar fjárfestingar árið 2017 eru 3.847 milljónir króna.


Á árinu 2016 sneri Áfrýjunarnefnd samkeppnismála við úrskurði Samkeppniseftirlitsins vegna meintra brota á samkeppnislögum. Samkeppniseftirlitið kærði þennan úrskurð til Héraðsdóms en ekki hefur fengist niðurstaða í málið.

Stöðugildi árið 2017 voru 450 og fjölgaði um 4,4%. Starfsemin fer fram á 6 starfsstöðum um land allt. Félagið hefur staðið í vinnu við skipulagsbreytingar í framleiðslunni sem hafa skapað umtalsverð tækifæri til að lækka kostnað. Nú er unnið að breytingum í mjólkursöfnun og dreifingu á vörum á Norðausturlandi. Þegar þær aðgerðir hafa að fullu skilað sér inn í reksturinn verður ekki hægt að skapa þar viðbótarsvigrúm til hráefnisverðhækkana umfram markaðsverðhækkunar. Hagræðing undanfariinna ára hefur byggt á vinnu, þolinmæði, frumkvæði og þátttöku alls starfsfólks. Það verðskuldar miklar þakkir.


Tölulegar upplýsingar




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2017
umreiknuð í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2017
umreiknuð í lítra m.v. prótein



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2017
umreiknuð í lítra m.v. fitu



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2017
umreiknuð í lítra m.v. prótein



Mjólkurinnlegg hjá Auðhumlu

Árið 2017	Árið 2016	Breyting 2017-2016	
		Lítrar	Hlutfall
11.164.658	11.156.342	8.316	0,07%
10.512.725	11.581.718	-1.068.993	-9,23%
11.999.756	12.308.858	-309.102	-2,51%
11.240.950	11.989.384	-748.434	-6,24%
12.870.514	12.558.158	312.356	2,49%
12.001.456	11.993.342	8.114	0,07%
11.517.748	11.150.569	367.179	3,29%
11.264.785	11.365.540	-100.755	-0,89%
10.424.194	10.184.368	239.826	2,35%
10.586.683	9.995.560	591.123	5,91%
10.524.043	10.067.923	456.120	4,53%
11.413.374	10.660.841	752.533	7,06%
135.520.886	135.012.603	508.283	0,38%

Heildarmjólkurinnlegg á landinu

Árið 2017	Árið 2016	Breyting 2017-2016	
		Lítrar	Hlutfall
12.445.505	12.398.159	47.346	0,38%
11.712.498	12.890.640	-1.178.142	-9,14%
13.351.630	13.684.325	-332.695	-2,43%
12.484.747	13.322.546	-837.799	-6,29%
14.349.703	13.952.539	397.164	2,85%
13.375.239	13.341.664	33.575	0,25%
12.887.408	12.419.568	467.840	3,77%
12.584.795	12.670.751	-85.956	-0,68%
11.665.409	11.347.143	318.266	2,80%
11.821.509	11.158.198	663.311	5,94%
11.708.456	11.233.893	474.563	4,22%
12.729.966	11.903.055	826.911	6,95%
151.116.865	150.322.481	794.384	0,53%

Tölulegar upplýsingar



Fjöldi innleggjenda í deildum 2017 og 2016

Nafn deildar	31.12. 2017	31.12. 2016	Mismunur
Austurlandsdeild	22	24	-2
Austur-Skaftafellsdeild	9	10	-1
	31	34	
Vestur-Skaftafellsdeild	26	28	-2
Eyjafjalladeild	21	21	0
Landeyjædeild	29	28	1
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	17	17	0
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	20	21	-1
Uppsveitadeild	69	71	-2
Flóa- og Ölfusdeild	36	39	-3
	218	225	
Hvalfjarðardeild	20	20	0
Borgarfjarðardeild	16	17	-1
Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild	40	39	1
	76	76	
Breiðafjarðardeild	29	28	1
Vestur-Húnaþingsdeild	19	19	0
Austur-Húnaþingsdeild	27	28	-1
Norðausturdeild	134	136	-2
	180	183	
Alls Auðhumla	534	546	-12

Fjöldi kúabúa með innlegg á árinu og/eða greiðslumark í lok árs

	Fjöldi innleggjenda		2017						2016					
			Greiðslumark á kúabú í þús. lítrum						Greiðslumark á kúabú í þús. lítrum					
	2017	2016	<50 þús.	50-100 þús.	100-200 þús.	200-300 þús.	>300 þús.	Meðaltal pr. kúabú	<50 þús.	50-100 þús.	100-200 þús.	200-300 þús.	>300 þús.	Meðaltal pr. kúabú
Austur- og Suð-Austurland	34	35	4	3	11	6	10	260.592	3	6	11	4	11	228.390
Suður- og Vesturland	307	316	15	22	113	86	71	232.540	16	29	110	80	81	234.030
Dalir og Vestfirðir	30	31	1	8	10	8	3	173.561	1	3	16	6	5	163.299
Húnaþing	48	49	4	6	20	15	3	167.983	3	4	29	8	5	176.099
Norðurland	140	151	9	17	26	36	52	261.334	6	23	42	36	44	234.092
Auðhumla	559	582	33	56	180	151	139	232.749	29	65	208	134	146	230.897

Tölulegar upplýsingar



Fitu- og próteininnihald mjólkur eftir deildum (meðaltal)

Heiti deildar	Meðalfita	Meðalfita	Meðalprótein	Meðalprótein
	2017	2016	2017	2016
Austurlandsdeild	4,05	4,08	3,27	3,28
Austur-Skaftafellsdeild	4,21	4,18	3,21	3,20
Vestur-Skaftafellsdeild	4,11	4,10	3,28	3,28
Eyjafjalladeild	4,15	4,14	3,28	3,28
Landeyjadeild	4,11	4,15	3,28	3,29
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	4,15	4,16	3,28	3,30
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	4,11	4,13	3,31	3,30
Uppsveitadeild	4,14	4,14	3,26	3,27
Flóa- og Ölfusdeild	4,14	4,15	3,27	3,29
Hvalfjarðardeild	4,10	4,10	3,25	3,25
Borgarfjarðardeild	4,14	4,17	3,25	3,29
Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild	4,11	4,16	3,22	3,24
Breiðfjarðardeild	4,10	4,11	3,25	3,28
Vestur-Húnaþingsdeild	4,13	4,17	3,24	3,25
Austur-Húnaþingsdeild	4,05	4,11	3,28	3,29
Norðausturdeild	4,10	4,15	3,32	3,32
Auðhumla	4,12	4,14	3,28	3,29

Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2017 AH og KS

Afurðastöðvar	Framleitt innan gr.marks	Framleitt umfram samning	Framleitt alls
Auðhumla svf.	128.726.971	6.793.915	135.520.886
Mjólkursamlag KS	15.185.193	410.786	15.595.979
Heimavinnsla innif. hjá AH	87.836		87.836
Samtals Auðhumla og KS	144.000.000	7.204.701	151.204.701

Heimild: Búnaðarstofa og aðildarfélag SAM



Ársreikningur samstæðu 2017

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og félagsaðila Auðhumlu svf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Auðhumlu svf. fyrir árið 2017. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um eigið fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Auðhumlu svf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela ársskýrslu Auðhumlu svf. að undanskildum samstæðuársreikningnum og áritun okkar á hann.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um né veitum staðfestingu á efni þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðu-

ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Auðhumlu svf. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar veru-

legar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðu-
ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggist á faglegri
dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum
einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum,
hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endur-
skoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunar-
gagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að
uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki
skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals,
misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt
eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að
hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki í þeim tilgangi að veita álit
á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir, sem notaðar eru, og tengdar skýringar séu
viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á
grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort
aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi.
Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka
athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar

skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun.
Niðurstaða okkar byggist á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að
dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni
valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undir-
liggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald
og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar
myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga
innan samstæðunnar til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við
erum ábyrgir fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar.
Við berum einir ábyrgð á álitum okkar.
- Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og
tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun
okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endur-
skoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 27. mars 2018

Deloitte ehf.

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

Ásbjörn Guðmundsson
endurskoðandi

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Auðhumlu svf., höfum farið yfir samstæðuársreikning þennan.
Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykkt félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Kjörnir skoðunarmenn

Hannes Ólafsson

Eiríkur Jónsson

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Auðhumla svf. er samvinnufélag og tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum er að taka á móti mjólk frá félagsmönnum, breyta henni í söluhæfa vöru, dreifa henni og selja fyrir sem best verð. Félaginu er heimilt að reka aðra starfsemi sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsaðila.

Ársreikningur samstæðu Auðhumlu svf. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðuársreikning Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar fyrir árið 2017.

Auðhumla svf. er í eigu mjólkurframleiðenda á félagssvæði sínu. Félagið er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög. Stjórn félagsins er skipuð 7 aðalmönnum og eru það 4 karlar og 3 konur. Varamenn eru 3, 1 karl og 2 konur.

Á miðju ári 2016 lagði Samkeppniseftirlitið sekt á dótturfélag félagsins að fjárhæð kr. 440.000.000 vegna meintra brota á samkeppnislögum og kr. 40.000.000 vegna ásakana um að félagið hefði leynt gögnum. Dótturfélagið áfrýjaði úrskurði Samkeppniseftirlitsins til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem sneri við úrskurði Samkeppniseftirlitsins um meint brot á samkeppnislögum og felldi niður sektina sem sneri að því máli. Samkeppniseftirlitið hefur áfrýjað þessari niðurstöðu til dómstóla.

Í desember 2017 voru fasteignir samstæðunnar endurmetnar, sbr. 31. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Við endurmatið var stuðst við mat óháðs fasteignasala og leiddi mat hans til þess að bókfært verð fasteigna hækkaði úr 2.126 milljónum króna í 6.945 milljónir króna. Mótfærsla endurmatsins fór annars vegar á endurmatsreikning, 3.855 milljónir króna, og hins vegar á tekjuskattsskuldbindingu, 964 milljónir króna. Í framhaldinu greiddi Auðhumla svf. fyrir nýtt hlutafé að fjárhæð 2.100 milljónir króna í dótturfélagi sínu Mjólkursamsölunni ehf. með hluta af endurmetnu fasteignunum.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap ársins 155 milljónum króna. Eigið fé samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi er í árslok 11.207 milljónir króna en var í ársbyrjun 7.506 milljónir króna. Á árinu störfuðu að meðaltali 452 starfsmenn hjá fyrirtækinu og dótturfélögum þess og námu heildarlaunagreiðslur 3.413 milljónum króna.

Inneign í stofnsjóði í árslok nemur kr. 2.109.863.501 og skiptist á milli 594 aðila en í upphafi árs á milli 642 aðila. Tillag ársins frá félagsaðilum nemur kr. 47.533.395. Úr stofnsjóði voru greiddar kr. 277.150.842.

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að reiknaðir verði 2,36% vextir á höfuðstól stofnsjóðs miðað við stöðu hans í árslok 2017 og að tap meirihlutaeigenda á árinu, kr. 131.450.923, verði fært til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

